

AUGLÝSING

um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað:

Stöðvunarskylda verði er ekið er af vegi frá kirkjugarði inn á Vesturveg.

Lónsleira verði aðalbraut og biðskylda komi á aðliggjandi götur.

Biðskylda verði sett á Fjarðargötu, á tengingu Fjarðargötu og Lónsleiru, þegar ekið er í suðvestur frá Austfarshúsi.

Í stað 45 km/klst. hámarkshraða innanbæjar verði umferðarhraði á helstu aðalgötum 50 km/klst. en í öllum öðrum íbúðargötum verði hámarkshraði 30 km/klst. Á Vesturvegi, Austurvegi (undanskilinn ytri hluti, frá Hafnargötu að Hafnargötu, í daglegu tali nefndur „Gamli Austurvegur“), Hafnargötu, Strandvegi, Ránargötu, Lónsleiru og Fjarðargötu verði hámarkshraði 50 km/klst., en á öðrum götum verði hann 30 km/klst.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, 14. ágúst 2006.

Lárus Bjarnason.

B-deild – Útgáfud.: 28. ágúst 2006